

M-52/2012 Álit 14. janúar 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-52/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreiðinni XX-000, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við að bæta úr gallanum.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. júlí sl. óskaði kæruneftndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bærust þau hinn 20. ágúst. Með bréfi, dags. 28. ágúst gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 27. september. Með bréfi, dags. 10. október sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Í bréfi kæruneftndarinnar til þín, dag. 27. júlí sl., gaf kæruneftndin þér kost á að skila inn nánar tilgreindum gögnum til þess að nefndin gæti komist að niðurstöðu í máli þínu til samræmis við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en þar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Var í umræddu bréfi m.a. óskað eftir nákvæmari lýsingu og upplýsingum um þann galla sem þú teldir vera á bifreiðinni sem málið snýst um.

Þau gögn sem þú skilaðir í kjölfar bréfsins duga ekki, að mati kæruneftndarinnar, til að komast að niðurstöðu í máli þínu. Er því óskað eftir eftirfarandi gögnum og upplýsingum:

1. Smurbók
2. Yfirlit yfir þjónustuskóðanir.
3. Lýsing á því hvernig þú varðst var við gallann og hvernig aðstæður voru.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til mánudagsins 22. október. Berist gögnin ekki fyrir þann tíma má búast við því að kæruneftndin vísi álitsbeiðni þinni frá sér samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.“

Álitsbeiðandi svaraði bréfinu samdægurs, þ.e. hinn 10. október. Að mati kæruneftndarinnar nægja þær upplýsingar sem í svarinu voru ekki til að komast að niðurstöðu í málinu. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn og upplýsingar sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 10. október sl.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir